



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tillögur Eflu vegna viðgerða á Fossvogsskóla***

Á 216. fundi skóla- og frístundaráðs 28. september 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Hefur verið farið eftir öllum þeim tillögum sem Efla hefur lagt til vegna lagfæringar á Fossvogsskóla?*

**Svar:**

Meðfylgjandi er svar umhverfis- og skipulagssviðs við fyrirspurninni, dags. 6. apríl 2022.



## Umsagnarbeiðnir um fyrirspurnir

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

---

### Tilvísun SFS22020192

„Hefur verið farið eftir öllum þeim tillögum sem Efla hefur lagt til vegna lagfæringar á Fossvogsskóla?“

**Umsögn:**

Já farið hefur verið eftir öllum þeim tillögum sem Efla hefur lagt fram vegna lagfæringa í Fossvogsskóla.

### Tilvísun SFS22020186

„Framkvæmdaáætlun stenst augljóslega ekki miðað við stöðuna á framkvæmdum í dag út frá því sem á að vera hafið en er það ekki. Hver er staðan á framkvæmdum við Fossvogsskóla? Hvers vegna eru þessar tafir og hver ber ábyrgð á þeim? Hafa foreldrar verið upplýstir um tafirnar? Er vitað hvenær framkvæmdir eiga að hefjast? Hver er ný lokadagsetning á framkvæmdum? Hver er og verður eftirlitsaðili með framkvæmdum við skólann.“

**Umsögn:**

Undirbúningur og hönnun stóð yfir frá vormánuðum 2021.

Staða verksins er skv. áætlun.

Ekki var um tafir að ræða.

Foreldrar eru upplýstir um stöðu mála á mánaðarlegum fundum SFS, USK og skólaráði.

Verklegar framkvæmdir hófust í mars 2021.

Um tvær lokadagsetningar er að ræða, 15. ágúst 2022 þá hefst allt skólastarf í

Fossvogsskóla og 15. ágúst 2023 verklegum framkvæmdum lokið miðað við stöðuna í dag.

Efla sér um eftirlit á meðan framkvæmdum stendur.

### Tilvísun SFS22020186

„Á bæjarstjórnarfundum á Akranesi þann 2. febrúar 2021 þar sem rætt var um myglumál, kom fram að samkvæmt Verkís hafi Reykjavíkurborg ekki farið eftir þeirra tilmælum og ráðleggingum varðandi úttekt á Fossvogsskóla. Fulltrúi Verkís sem var á umræddum fundi sagði sjálfur frá því að ekki hafi verið farið eftir þessu að hálfu Reykjavíkurborgar. Er það rétt að ekki hafi verið farið að ráðleggingum Verkís þegar húsnæði Fossvogsskóla var skoðað? Ef já, hver var ástæða þess að ekki var farið eftir þeirra tilmælum, hver tók þá ákvörðun um að fara ekki eftir þeirra tilmælum og ráðum? Ef já, óskum við eftir upplýsingum og upptalningu á þeim atriðum sem ekki var farið eftir.“

**Umsögn:**

Fundargerð umrædds fundar finnst ekki á vef Akraneskaupstaðar.

Allar viðgerðir sem hafa verið gerðar eftir að ath. komu um slæma innivist voru framkvæmdar eftir tilmælum Verkís.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri

Umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds